Nr. 1276 16. nóvember 2021

# GJALDSKRÁ

**fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.**

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum og lögum um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum og samkvæmt 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002 með síðari breytingum, er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Einnig er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari vegna þjónustu heilbrigðiseftirlitsins skv. ofannefndum lögum. Sama gildir um starfsemi sem háð er eftirliti Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. sérstökum samningum um framsal eftirlits með einstökum fyrirtækjaflokkum frá Umhverfisstofnun eða frá Matvælastofnun til heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Tímagjald kr. 17.250

Gjald vegna rannsóknar pr. sýni í eftirlitsáætlun skv. útlögðum kostnaði.

Af eftirlitsskyldri starfsemi er heimilt að innheimta árlegt gjald eins og fram kemur í viðauka sem auglýstur er sérstaklega sem fylgiskjal með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemin takmörkuð þannig að eftirlit með starfseminni verði umfangsminna sem því nemur er Heilbrigðiseftirliti Suðurlands heimilt að fella niður allt að helming gjaldsins og að sama skapi taka aukalega gjald sé eftirlitið umfangsmeira en gjaldflokkur segir til um.

Ef starfsemi hefur samning við faggilta skoðunarstofu, hefur vottað gæðakerfi eða rekur innra eftirlit með starfsemi sinni sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld og draga úr eftirliti samkvæmt þessari grein.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald. Þá er áætlaður tími fyrir hvern fyrirtækjaflokk lagður saman en einungis eitt akstursgjald tekið enda eftirlitsferð samnýtt.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi og þjónustu eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald | 1,5 tímagjald |
| og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á | |

Ný starfsemi:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald | 2,0 tímagjöld |
| og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á | |

Önnur leyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun s.s. tóbaksöluleyfi:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald | 2,0 tímagjöld |
| og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á | |

| | |
|---|---|
| Fyrir húsnæðis- og skipaskoðun | 4,0 tímagjöld |

Starfsemi þar sem krafist er tilkynningar- eða skráningarskyldu greiðir 2,0 tímagjöld við skráningu og umtalsverðar breytingar á starfsemi þ. á m. flutning í nýtt húsnæði.

Starfsemi sem er eftirlitsskyld en er ekki á lista í viðauka greiðir eftirlitsgjald eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

Heimilt er að semja um annað fyrirkomulag óski rekstraraðilar eftir því og skal það þá gert skriflega.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálft tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

Verk sem unnin eru skv. ákvæðum samþykkta settum samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir eru gjaldfærð eins og um þjónustuverkefni sé að ræða nema um annað hafi verið samið.

Eftirfylgniferðir og úttektir umfram það sem innifalið er í eftirlitsgjaldi greiðast skv. tímagjaldi viðkomandi fyrirtækjaflokks.

6. gr.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands innheimtir öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari og sbr. fylgiskjal sem birt er með gjaldskránni.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni er heimilt að innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjalddagi árlegra eftirlitsgjalda samkvæmt 2. og 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert en annarra gjalda er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er af stjórn byggðasamlags um heilbrigðiseftirlit Suðurlands og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum á aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 29. október 2021 með vísun í 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, 65. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum og samkvæmt 8. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 6/2002 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1271/2021 fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

*Selfossi, 16. nóvember 2021.*

F.h. heilbrigðisnefndar Suðurlands,

**Sigrún Guðmundsdóttir** framkvæmdastjóri.

**Fylgiskjal.**

| **ÍSAT-númer** | **Heiti atvinnugreinar** | **Áætluð tíðni eftirlits / ár** | **Eftirlitskostnaður pr. fyrirtæki kr.** |
|---|---|---|---|
| 01.12.1.0 | Svepparækt | 1 | 90.563 |
| 01.23.0.1 | Svínarækt | 1 | 64.688 |
| 01.24.0.1 | Alifuglarækt | 1 | 64.688 |
| 01.25.2.0 | Loðdýrabú | 1 | 64.688 |
| 01.41.1.0 | Þjónusta við jarðyrkju og garðyrkju | 0,5 | 32.344 |
| 01.41.1.1 | Garðaúðun | 0,5 | 40.969 |
| 01.42.0.1 | Gæludýrahótel | 0,25 | 14.016 |
| 01.42.0.3 | Dýragæsla | 0,25 | 24.797 |
| 01.42.0.4 | Dýrasnyrtistofur | 0,5 | 32.344 |
| 01.42.0.5 | Dýrasýningar | 0,5 | 49.594 |
| 14.21.0.0 | Malar- og sandnám; vikurnám | 0,5 | 30.188 |
| 14.21.0.1 | Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum | 0,5 | 32.344 |
| 14.50.0.0 | Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu | 0,5 | 36.656 |
| 15.11.0.1 | Sláturhús miðlungs | 1 | 99.188 |
| 15.11.0.2 | Sláturhús stórt með brennsluofni | 2 | 198.375 |
| 15.12.0.0 | Alifuglasláturhús | 1 | 116.438 |
| 15.13.0.0 | Reykhús/reykofn | 0,5 | 32.344 |
| 15.13.0.1 | Kjötvinnsla, lítil | 1 | 65.550 |
| 15.13.0.2 | Kjötvinnsla, miðlungs | 1 | 82.800 |
| 15.13.0.3 | Kjötvinnsla, stór | 1 | 108.675 |
| 15.13.0.4 | Kjötvinnsla með reykingu, lítil | 1 | 74.175 |
| 15.13.0.5 | Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs | 1 | 100.050 |
| 15.13.0.6 | Kjötvinnsla með reykingu, stór | 1 | 125.925 |
| 15.13.0.7 | Kjötpökkunarstöð | 1 | 81.938 |
| 15.20.2.0 | Saltfiskverkun | 1 | 51.750 |
| 15.20.4.1 | Heitloftsþurrkun fiskafurða | 1 | 64.688 |
| 15.20.5.0 | Harðfiskverkun | 1 | 56.063 |
| 15.20.6.1 | Vinnsla á ferskum fiski, lítil | 0,5 | 32.344 |
| 15.20.6.2 | Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs | 1 | 64.688 |
| 15.20.6.3 | Vinnsla á ferskum fiski, stór | 1 | 107.813 |
| 15.20.7.1 | Mjölvinnsla úr sjávarafurðum | 2 | 163.875 |
| 15.20.7.2 | Fiskmjölsvinnsla | 3 | 271.688 |
| 15.20.8.0 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta lítil | 1 | 64.688 |
| 15.20.8.1 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, miðlungs | 1 | 90.563 |
| 15.20.8.2 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, stór | 2 | 215.625 |
| 15.20.9.0 | Önnur ótalin fiskvinnsla | 1 | 64.688 |
| 15.31.0.0 | Vinnsla og pökkun á matjurtum | 0,5 | 45.281 |
| 15.31.0.1 | Kartöfluvinnsla < 1 tonn á dag | 1 | 73.313 |
| 15.31.0.2 | Kartöfluvinnsla > 1 tonn á dag | 1 | 107.813 |
| 15.31.0.3 | Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju | 1 | 73.313 |
| 15.33.0.1 | Sultu- og ávaxtagrautargerð | 1 | 81.938 |
| 15.33.0.2 | Framleiðsla annarra matvara | 1 | 81.938 |
| 15.41.0.1 | Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag | 1 | 73.313 |
| 15.41.0.2 | Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi > 10 tonn á dag | 2 | 232.875 |
| 15.42.0.0 | Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti | 1 | 81.938 |
| 15.42.0.1 | Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla | 1 | 90.563 |
| 15.51.0.1 | Mjólkurbú, umhverfiseftirlit eingöngu | 1 | 99.188 |
| 15.51.0.2 | Ostagerð, lítil | 1 | 64.688 |
| 15.52.0.0 | Ísgerð | 2 | 181.125 |
| 15.61.0.1 | Meðhöndlun og framleiðsla á kornvörum | 0,5 | 32.344 |
| 15.61.0.2 | Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni | 1 | 64.688 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Áætluð tíðni eftirlits / ár | Eftirlitskostnaður pr. fyrirtæki kr. |
|---|---|---|---|
| 15.71.1.0 | Framleiðsla húsdýrafóðurs | 0,5 | 32.344 |
| 15.71.2.0 | Framleiðsla fiskeldisfóðurs | 0,5 | 32.344 |
| 15.81.0.2 | Bakarí, lítið | 1 | 64.688 |
| 15.81.0.3 | Bakarí, miðlungs | 1 | 99.188 |
| 15.81.0.4 | Bakarí, stórt | 2 | 232.875 |
| 15.82.0.1 | Kexverksmiðjur | 2 | 215.625 |
| 15.82.0.2 | Kökugerð, lítil | 1 | 60.375 |
| 15.82.0.3 | Kökugerð, miðlungs | 1 | 73.313 |
| 15.82.0.4 | Kökugerð, stór | 1 | 99.188 |
| 15.84.0.1 | Súkkulaði- og sælgætisgerð | 1 | 116.438 |
| 15.85.0.1 | Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli | 1 | 56.063 |
| 15.86.0.0 | Te- og kaffiframleiðsla | 1 | 56.063 |
| 15.86.0.1 | Matvælaframleiðsla, umfangslítil | 1 | 56.063 |
| 15.87.0.1 | Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil | 0,5 | 32.344 |
| 15.87.0.2 | Krydd- og bragðefnaframleiðsla, miðlungs | 1 | 81.938 |
| 15.87.0.3 | Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór | 1 | 116.438 |
| 15.91.0.0 | Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja | 1 | 133.688 |
| 15.96.0.0 | Bjórgerð | 1 | 133.688 |
| 15.96.0.1 | Bjórgerð, lítil, ekki samfelld starfsemi | 0,5 | 40.969 |
| 15.98.0.1 | Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, lítil | 1 | 99.188 |
| 15.98.0.2 | Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, miðlungs | 1 | 133.688 |
| 15.98.0.3 | Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, stór | 2 | 327.750 |
| 20.20.0.0 | Framleiðsla á krossviði, spónaplötum, límtré o.þ.h. | 1 | 133.688 |
| 20.30.9.1 | Trésmíðaverkstæði með lökkun | 0,5 | 32.344 |
| 20.30.9.2 | Trésmíðaverkstæði án lökkunar | 0,5 | 32.344 |
| 22.22.1.0 | Offsett- og hæðarprentun | 1 | 81.938 |
| 22.22.9.1 | Prentiðnaður, lítill | 0,5 | 32.344 |
| 22.22.9.2 | Prentiðnaður, stór | 1 | 81.938 |
| 24.11.0.0 | Framleiðsla á iðnaðargasi | 1 | 64.688 |
| 24.15.0.0 | Áburður, tilbúinn, framleiðsla | 0,5 | 32.344 |
| 24.30.0.1 | Málningarverksmiðjur | 1 | 224.250 |
| 24.42.0.0 | Lyfjagerð | 0,25 | 33.422 |
| 24.51.0.1 | Hreinlætisvöruverksmiðjur | 0,5 | 66.844 |
| 24.52.0.1 | Snyrtivöruframleiðsla | 0,5 | 49.594 |
| 25.13.0.1 | Gúmmívinnsla | 0,5 | 32.344 |
| 25.21.0.1 | Plastiðnaður | 1 | 90.563 |
| 25.21.0.2 | Vinnsla með plast- og frauðefni | 0,5 | 32.344 |
| 25.22.0.0 | Framleiðsla á umbúðaplasti | 0,5 | 49.594 |
| 26.12.0.0 | Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri | 0,25 | 14.016 |
| 26.13.0.0 | Framleiðsla gleríláta | 0,25 | 14.016 |
| 26.21.0.1 | Leirmunaverkstæði | 0,5 | 28.031 |
| 26.61.0.0 | Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 1 | 56.063 |
| 26.63.0.0 | Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu | 0,5 | 40.969 |
| 26.70.0.0 | Steinsmíði | 0,25 | 14.016 |
| 26.82.9.0 | Atvinnurekstur sem meðhöndlar asbest | 0,5 | 32.344 |
| 27.50.0.1 | Málmsteypa minna en 20 tonn á dag | 2 | 198.375 |
| 28.51.0.0 | Meðferð og húðun málma | 0,5 | 40.969 |
| 28.52.0.1 | Blikksmíði | 0,5 | 32.344 |
| 28.74.0.1 | Skrúfuframleiðsla, renniverkstæði | 0,5 | 28.031 |
| 29.11.0.0 | Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði | 0,5 | 36.656 |
| 29.23.0.1 | Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði | 0,5 | 40.969 |
| 31.62.0.1 | Rafvélaverkstæði | 0,5 | 32.344 |
| 35.11.0.1 | Stálsmíði og stálskipagerð | 1 | 107.813 |

| **ÍSAT-númer** | **Heiti atvinnugreinar** | **Áætluð tíðni eftirlits / ár** | **Eftirlitskostnaður pr. fyrirtæki kr.** |
|---|---|---|---|
| 35.11.0.2 | Viðhald og niðurrif skipa | 1 | 116.438 |
| 35.11.0.3 | Niðurrif bygginga | 1 | 47.438 |
| 36.12.0.1 | Húsgagnaiðnaður með lökkun | 0,5 | 32.344 |
| 37.20.0.1 | Endurvinnsla úrgangs | 0,5 | 40.969 |
| 37.20.0.2 | Jarðboranir | 1 | 64.688 |
| 40.10.0.1 | Spennistöðvar | 0,5 | 32.344 |
| 40.10.0.2 | Spennaviðgerðir | 1 | 81.938 |
| 40.10.0.3 | Virkjanir og orkuveitur 2-10 MW | 0,25 | 16.172 |
| 40.10.0.4 | Virkjanir og orkuveitur 10-50 MW | 0,5 | 32.344 |
| 40.10.0.5 | Virkjanir og orkuveitur stærri en 50 MW | 1 | 99.188 |
| 40.10.0.6 | Virkjanir og orkuveitur stærri en 50 MW, með verkstæðis- og starfsmannaaðstöðu | 2 | 301.875 |
| 40.30.0.1 | Hitaveitur minni en 10 MW | 0,25 | 16.172 |
| 40.30.0.2 | Hitaveitur 10-50 MW | 0,5 | 32.344 |
| 40.30.0.3 | Hitaveitur stærri en 50 MW | 1 | 64.688 |
| 41.00.0.1 | Vatnsveitur 50.001-100.000 íbúa | 34 | 3.372.375 |
| 41.00.0.2 | Vatnsveitur 10.001-50.000 íbúa | 12 | 1.190.250 |
| 41.00.0.3 | Vatnsveitur 5.001-10.000 íbúa | 7 | 694.313 |
| 41.00.0.4 | Vatnsveitur 1.001-5.000 íbúa | 4 | 327.750 |
| 41.00.0.5 | Vatnsveitur 501-1.000 íbúa | 4 | 258.750 |
| 41.00.0.6 | Vatnsveitur 150-500 íbúa | 1 | 64.688 |
| 41.00.0.7 | Vatnsveitur færri en 150 íbúar | 0,5 | 32.344 |
| 41.00.0.8 | Vatnsveita - einkavatnsból | 0,5 | 28.031 |
| 50.20.0.1 | Bifreiða- og vélaverkstæði, dekkjaverkstæði | 0,5 | 32.344 |
| 50.20.0.10 | Bón og bílaþvottur, handvirkt | 0,25 | 10.781 |
| 50.20.0.11 | Ryðvarnarverkstæði | 0,5 | 69.000 |
| 50.20.0.12 | Smurstöðvar | 0,5 | 40.969 |
| 50.20.0.13 | Viðgerðaaðstaða eigin véla | 0,5 | 32.344 |
| 50.20.0.14 | Kappaksturs-, æfinga- og kennslubrautir | 0,5 | 28.031 |
| 50.20.0.2 | Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs | 0,5 | 45.281 |
| 50.20.0.3 | Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt | 0,5 | 49.594 |
| 50.20.0.4 | Bifreiða- og vélaverkstæði, með sprautun, lítið | 0,5 | 32.344 |
| 50.20.0.5 | Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs | 0,5 | 49.594 |
| 50.20.0.6 | Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt | 0,5 | 58.219 |
| 50.20.0.7 | Bifreiðasprautun | 0,5 | 32.344 |
| 50.20.0.8 | Bifreiðaréttingar | 0,5 | 32.344 |
| 50.20.0.9 | Bón og bílaþvottur, sjálfvirkt | 0,5 | 45.281 |
| 50.30.0.1 | Bifreiðavarahlutaverslanir | 0,5 | 49.594 |
| 50.30.0.3 | Bílapartasölur | 0,5 | 40.969 |
| 50.50.0.0 | Bensínstöðvar, sjálfvirkar | 1 | 73.313 |
| 50.50.0.1 | Bensínstöðvar án matvæla | 1 | 90.563 |
| 50.50.0.2 | Bensínstöðvar með matvöru | 1 | 142.313 |
| 50.50.0.3 | Bensínstöðvar með veitingasölu | 1 | 194.063 |
| 51.39.0.1 | Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil | 1 | 64.688 |
| 51.39.0.2 | Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs | 1 | 99.188 |
| 51.39.0.3 | Heildverslun án lagers | 0,25 | 16.172 |
| 51.57.0.1 | Niðurrif bifreiða | 0,5 | 40.969 |
| 51.57.0.2 | Móttaka brotamálms | 2 | 327.750 |
| 51.57.0.3 | Móttaka á úrgangi til endurvinnslu | 0,5 | 40.969 |
| 52.11.1.1 | Stórmarkaðir > 400 m², með matvælavinnslu | 4 | 603.750 |
| 52.11.1.2 | Stórmarkaðir > 400 m², án matvælavinnslu | 2 | 267.375 |
| 52.11.2.1 | Matvöruverslun með vinnslu, lítil | 1 | 73.313 |
| 52.11.2.2 | Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs | 1 | 107.813 |

| **ÍSAT-númer** | **Heiti atvinnugreinar** | **Áætluð tíðni eftirlits / ár** | **Eftirlitskostnaður pr. fyrirtæki kr.** |
|---|---|---|---|
| 52.11.2.3 | Matvöruverslun með vinnslu, stór | 2 | 250.125 |
| 52.11.2.4 | Matvöruverslun án vinnslu, lítil | 1 | 73.313 |
| 52.11.2.5 | Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs | 1 | 81.938 |
| 52.11.2.6 | Matvöruverslun án vinnslu, stór | 2 | 198.375 |
| 52.11.3.1 | Söluturnar án óvarinna matvæla | 1 | 56.063 |
| 52.11.3.2 | Söluturnar með óvarin matvæli, litlir | 1 | 56.063 |
| 52.11.3.3 | Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs | 1 | 64.688 |
| 52.11.3.4 | Söluturnar með óvarin matvæli, stórir | 1 | 81.938 |
| 52.23.0.1 | Fiskbúðir, litlar | 1 | 64.688 |
| 52.23.0.2 | Fiskbúðir, miðlungs | 1 | 81.938 |
| 52.23.0.3 | Fiskbúðir, stórar | 1 | 90.563 |
| 52.24.0.0 | Smásala á innpökkuðum matvælum | 0,5 | 36.656 |
| 52.24.0.1 | Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu | 1 | 60.375 |
| 52.24.0.2 | Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu | 1 | 64.688 |
| 52.24.0.3 | Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu | 1 | 99.188 |
| 52.25.0.0 | Áfengisverslun | 0,5 | 32.344 |
| 52.27.0.0 | Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum | 1 | 90.563 |
| 52.49.1.0 | Gæludýraverslun | 0,25 | 14.016 |
| 52.49.9.1 | Véla- og tækjasölur | 0,5 | 66.844 |
| 52.50.0.0 | Smásala með notaða muni í verslunum | 0,5 | 66.844 |
| 52.62.0.0 | Markaðir | 1 | 64.688 |
| 52.62.0.1 | Markaðir, litlir eða í mjög stuttan tíma | 0,5 | 19.406 |
| 55.11.0.1 | Hótel með veitingasölu, lítið, 17-49 gestir | 1 | 116.438 |
| 55.11.0.2 | Hótel/gistiheimili með veitingasölu, miðlungs, 50-100 gestir | 2 | 232.875 |
| 55.11.0.3 | Hótel/gistiheimili með veitingasölu, stórt, +100 gestir | 2 | 267.375 |
| 55.12.0.0 | Gisting án veitinga eða eingöngu morgunverður fyrir allt að 10 gesti | 0,25 | 16.172 |
| 55.12.0.1 | Gististaðir án veitinga, allt að 16 gestir | 0,5 | 32.344 |
| 55.12.0.2 | Gististaðir án veitingasölu, 17-49 gestir | 1 | 81.938 |
| 55.12.0.3 | Gististaðir án veitingasölu, fleiri en 50 gestir | 1 | 99.188 |
| 55.12.0.4 | Útleiga stakra sumarhúsa/íbúðarhúsnæðis | 0,25 | 16.172 |
| 55.14.0.1 | Starfsmannabúðir fyrir allt að 16 manns | 1 | 81.938 |
| 55.14.0.2 | Starfsmannabúðir 17-50 manns, tímabundin starfsemi | 1 | 90.563 |
| 55.14.0.3 | Starfsmannabúðir 51-100 manns, tímabundin starfsemi | 1 | 99.188 |
| 55.14.0.4 | Starfsmannabúðir 101-500 manns, tímabundin starfsemi | 1 | 125.063 |
| 55.14.0.5 | Starfsmannabúðir 501-1.000 manns, tímabundin starfsemi | 1 | 142.313 |
| 55.21.0.1 | Fjallaskálar heilsársnotkun | 0,5 | 60.375 |
| 55.21.0.2 | Fjallaskálar sumarnotkun | 0,25 | 30.188 |
| 55.22.0.1 | Tjaldsvæði, lítið, 1-2 salerni | 0,25 | 22.641 |
| 55.22.0.2 | Tjaldsvæði, miðlungs, 3-4 salerni | 0,5 | 32.344 |
| 55.22.0.3 | Tjaldsvæði, stórt, 5 salerni eða fleiri | 1 | 64.688 |
| 55.22.0.4 | Þjóðgarðar með tjaldsvæðum og þjónustuhúsi m/veitingum | 1 | 116.438 |
| 55.23.0.1 | Orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu | 1 | 99.188 |
| 55.23.0.2 | Orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu | 0,5 | 40.969 |
| 55.30.1.1 | Veitingastaðir, litlir, allt að 50 sæti | 1 | 73.313 |
| 55.30.1.2 | Veitingastaðir, miðlungs, 51-105 sæti | 1 | 107.813 |
| 55.30.1.3 | Veitingastaðir, stórir, fleiri en 105 sæti | 1 | 133.688 |
| 55.30.1.4 | Skyndibitastaðir, litlir, allt að 50 sæti | 1 | 64.688 |
| 55.30.1.5 | Skyndibitastaðir, miðlungs, 51-105 sæti | 1 | 107.813 |
| 55.30.1.6 | Skyndibitastaðir, stórir 100+ sæti | 1 | 133.688 |
| 55.30.1.7 | Matsöluvagnar | 1 | 64.688 |
| 55.30.1.8 | Veitingaverslun, brauðstofur, ísbúðir | 1 | 81.938 |
| 55.30.2.0 | Skemmtistaðir með matsölu | 1 | 125.063 |
| 55.30.2.1 | Skemmtistaðir án matsölu | 0,5 | 40.969 |

| **ÍSAT-númer** | **Heiti atvinnugreinar** | **Áætluð tíðni eftirlits / ár** | **Eftirlitskostnaður pr. fyrirtæki kr.** |
|---|---|---|---|
| 55.40.0.0 | Kaffihús | 1 | 64.688 |
| 55.40.0.1 | Krár, kaffihús með matsölu | 1 | 125.063 |
| 55.40.0.2 | Krár, kaffihús án matsölu | 1 | 64.688 |
| 55.40.0.3 | Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur | 0,25 | 16.172 |
| 55.40.0.4 | Samkomusalir með móttökueldhúsi | 0,5 | 45.281 |
| 55.40.0.5 | Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi | 1 | 125.063 |
| 55.51.0.1 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið (allt að 50 gestir) | 1 | 64.688 |
| 55.51.0.2 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs (51-105 gestir) | 1 | 73.313 |
| 55.51.0.3 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt (fleiri en 105 gestir) | 1 | 116.438 |
| 55.51.0.4 | Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið (allt að 50 gestir) | 0,5 | 40.969 |
| 55.51.0.5 | Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs (51-105 gestir) | 1 | 64.688 |
| 55.51.0.6 | Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt (fleiri en 105 gestir) | 1 | 90.563 |
| 55.52.0.1 | Sala á tilbúnum mat, lítil | 1 | 64.688 |
| 55.52.0.2 | Sala á tilbúnum mat, miðlungs | 1 | 81.938 |
| 55.52.0.3 | Sala á tilbúnum mat, stór | 2 | 198.375 |
| 61.10.0.0 | Samgöngur á sjó | 1 | 64.688 |
| 63.12.0.1 | Vörugeymslur, litlar - vöruflutningar | 0,5 | 36.656 |
| 63.12.0.2 | Vörugeymslur, miðlungs | 1 | 81.938 |
| 63.12.0.3 | Vörugeymslur, stórar | 1 | 90.563 |
| 63.12.0.5 | Kæli- og frystigeymslur, fiskmarkaðir og klakagerð | 0,5 | 32.344 |
| 63.12.0.6 | Gasbirgðastöðvar með > 100 $m^3$ geymslurými (STP) | 1 | 81.938 |
| 63.12.0.7 | Gasbirgðastöðvar með < 100 $m^3$ geymslurými (STP) | 0,5 | 32.344 |
| 63.21.0.1 | Vöruflutningamiðstöðvar | 0,5 | 32.344 |
| 63.22.0.0 | Alþjóðaflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu | 1 | 142.313 |
| 63.23.0.1 | Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu | 0,5 | 58.219 |
| 63.23.0.2 | Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu | 0,25 | 14.016 |
| 74.70.0.0 | Meindýravarnir | 0,5 | 40.969 |
| 75.23.0.1 | Fangelsi, lítið | 1 | 81.938 |
| 75.23.0.2 | Fangelsi, miðlungs | 1 | 99.188 |
| 75.23.0.3 | Fangelsi, stórt | 2 | 336.375 |
| 75.25.0.1 | Æfingasvæði slökkviliðs | 0,25 | 14.016 |
| 80.10.0.1 | Grunnskólar án mötuneytis með leiksvæði | 0,5 | 49.594 |
| 80.10.0.2 | Grunnskólar með móttökueldhúsi og leiksvæði | 1 | 116.438 |
| 80.10.0.3 | Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi og leiksvæði | 1 | 133.688 |
| 80.21.0.1 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi án mötuneytis | 0,5 | 49.594 |
| 80.21.0.3 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi með fullbúnu eldhúsi | 1 | 133.688 |
| 80.30.0.1 | Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mötuneytis | 0,5 | 49.594 |
| 80.30.0.3 | Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi | 1 | 133.688 |
| 80.41.0.0 | Ökuskólar, flugskólar o.fl. | 0,25 | 16.172 |
| 80.42.2.0 | Tónlistarskólar | 0,5 | 32.344 |
| 80.42.9.0 | Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla | 0,25 | 16.172 |
| 85.11.1.3 | Deildaskipt sjúkrahús, stórt/með fullbúnu eldhúsi | 1 | 185.438 |
| 85.11.3.0 | Endurhæfing | 0,5 | 32.344 |
| 85.11.3.4 | Endurhæfing, með fullbúnu eldhúsi, með sundlaug, stór | 2 | 336.375 |
| 85.11.4.1 | Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil/án mötuneytis | 0,5 | 40.969 |
| 85.11.4.2 | Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs/með móttökueldhúsi | 1 | 116.438 |
| 85.11.4.3 | Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi | 1 | 150.938 |
| 85.11.4.4 | Vistheimili | 0,5 | 40.969 |
| 85.12.1.1 | Heilsugæslustöðvar | 0,5 | 49.594 |
| 85.12.2.1 | Læknastofur | 0,25 | 16.172 |
| 85.12.2.2 | Læknahús með aðgerðarstofum | 0,5 | 32.344 |
| 85.13.1.1 | Tannlæknastofur | 0,5 | 32.344 |
| 85.13.2.0 | Tannsmíðar | 0,5 | 32.344 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Áætluð tíðni eftirlits / ár | Eftirlitskostnaður pr. fyrirtæki kr. |
|---|---|---|---|
| 85.14.1.1 | Sjúkraþjálfun | 0,5 | 32.344 |
| 85.14.3.0 | Rannsóknarstofur í læknisfræði | 0,5 | 32.344 |
| 85.14.9.1 | Fótaaðgerðarstofur | 0,5 | 32.344 |
| 85.14.9.2 | Kírópraktor | 0,25 | 14.016 |
| 85.14.9.3 | Yogastofur, heilun o.fl. | 0,25 | 14.016 |
| 85.14.9.5 | Húðflúrstofur, húðgötun | 1 | 73.313 |
| 85.20.0.2 | Dýralæknastofur | 0,5 | 32.344 |
| 85.20.0.3 | Dýraspítalar | 0,5 | 49.594 |
| 85.31.1.0 | Heimili fyrir börn og unglinga | 0,5 | 32.344 |
| 85.31.1.2 | Sumarbúðir fyrir börn, fullbúið eldhús | 1 | 81.938 |
| 85.31.3.1 | Dvalarheimili fyrir aldraða, fullbúið eldhús | 1 | 116.438 |
| 85.31.4.0 | Heimili fyrir fatlaða, sambýli með heimiliseldhúsi | 0,5 | 32.344 |
| 85.31.4.2 | Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, lítið | 1 | 56.063 |
| 85.31.4.3 | Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, miðlungs | 1 | 81.938 |
| 85.32.1.1 | Dagforeldrar með fleiri en 6 börn | 0,25 | 16.172 |
| 85.32.2.1 | Leikskólar með móttökueldhúsi og leiksvæði | 1 | 99.188 |
| 85.32.2.2 | Leikskólar með fullbúið eldhús og leiksvæði | 1 | 116.438 |
| 85.32.2.3 | Opin leiksvæði og gæsluvellir | 0,5 | 40.969 |
| 85.32.3.2 | Skóladagheimili og leiksvæði | 1 | 73.313 |
| 85.32.4.0 | Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi | 0,5 | 36.656 |
| 85.32.6.1 | Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi | 1 | 81.938 |
| 85.32.6.2 | Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi | 1 | 116.438 |
| 85.33.6.3 | Söfn | 0,25 | 14.016 |
| 90.00.0.1 | Skólphreinsistöðvar, útrásadælustöðvar og fráveitur, stórar | 2 | 232.875 |
| 90.00.0.2 | Skólphreinsistöðvar, útrásadælustöðvar og fráveitur, miðlungs | 1 | 116.438 |
| 90.00.0.3 | Skólphreinsistöðvar, útrásadælustöðvar og fráveitur, litlar | 0,5 | 40.969 |
| 90.00.0.4 | Gámastöðvar | 0,5 | 40.969 |
| 90.00.0.5 | Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni | 0,5 | 49.594 |
| 90.00.0.6 | Flutningur og hreinsun á seyru | 0,5 | 49.594 |
| 90.00.0.7 | Sorpflutningar og sorphirða | 1 | 99.188 |
| 90.00.0.8 | Sorpförgun, flokkun og vinnsla | 1 | 150.938 |
| 90.00.0.9 | Áhaldahús sveitarfélaga og stofnana | 0,5 | 32.344 |
| 91.31.1.1 | Kirkjur | 0,25 | 14.016 |
| 91.31.1.2 | Kirkjur með safnaðarheimil m/móttökueldhúsi | 0,5 | 36.656 |
| 92.13.0.1 | Kvikmyndahús | 0,5 | 45.281 |
| 92.31.0.1 | Leikhús | 0,5 | 32.344 |
| 92.34.0.1 | Dansskólar | 0,25 | 16.172 |
| 92.34.0.2 | Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi | 1 | 64.688 |
| 92.53.0.1 | Dýragarðar | 0,5 | 49.594 |
| 92.61.0.1 | Sundstaðir, litlir | 1 | 81.938 |
| 92.61.0.2 | Sundstaðir, miðlungs | 2 | 198.375 |
| 92.61.0.3 | Sundstaðir, stórir | 4 | 396.750 |
| 92.61.0.4 | Íþróttahús, lítil | 0,5 | 32.344 |
| 92.61.0.5 | Íþróttahús, miðlungs | 0,5 | 40.969 |
| 92.61.0.6 | Íþróttahús, stór | 1 | 81.938 |
| 92.61.0.7 | Sundstaðir og íþróttamannvirki sambyggð | 2 | 232.875 |
| 92.61.0.8 | Íþróttavellir | 0,25 | 14.016 |
| 92.61.0.9 | Skíðaskálar, skíðasvæði | 0,5 | 60.375 |
| 92.62.0.1 | Hestahald, hestaleigur og reiðskólar | 0,25 | 16.172 |
| 92.72.0.1 | Skotvellir | 0,25 | 16.172 |
| 93.01.0.0 | Þvottahús og efnalaugar | 0,5 | 49.594 |
| 93.01.0.1 | Þvottahús | 0,5 | 40.969 |
| 93.01.0.2 | Efnalaugar | 0,5 | 49.594 |

| **ÍSAT-númer** | **Heiti atvinnugreinar** | **Áætluð tíðni eftirlits / ár** | **Eftirlitskostnaður pr. fyrirtæki kr.** |
|---|---|---|---|
| 93.02.0.0 | Hárgreiðslu- og snyrtistofur | 0,5 | 32.344 |
| 93.02.0.1 | Hárgreiðslu- og rakarastofur | 0,5 | 32.344 |
| 93.02.0.2 | Snyrtistofur | 0,5 | 32.344 |
| 93.02.0.3 | Baðhús | 0,5 | 32.344 |
| 93.02.0.4 | Náttúrulaug í flokki 1 | 2 | 129.375 |
| 93.02.0.5 | Náttúrulaug í flokki 2 | 1 | 64.688 |
| 93.03.0.1 | Líkbrennslur | 0,25 | 16.172 |
| 93.04.0.1 | Líkamsræktarstöðvar, litlar | 0,5 | 32.344 |
| 93.04.0.2 | Líkamsræktarstöðvar, miðlungs | 1 | 64.688 |
| 93.04.0.3 | Líkamsræktarstöðvar, stórar | 1 | 81.938 |
| 93.04.0.4 | Líkamsræktarstöðvar, litlar, með heitum pottum | 1 | 64.688 |
| 93.04.0.5 | Líkamsræktarstöðvar, miðlungs, með heitum pottum | 1 | 81.938 |
| 93.04.0.6 | Líkamsræktarstöðvar, stórar, með heitum pottum | 1 | 81.938 |
| 93.04.0.7 | Sólbaðstofur | 0,5 | 32.344 |
| 93.04.0.9 | Nuddstofur | 0,5 | 32.344 |
| 97.00.0.2 | Almenningssalerni | 0,25 | 16.172 |